



2. nóvember 2023

## 600-1.000 VÍSAÐ FRÁ ÞEGAR FLEIRI ÞURFA AÐ LJÚKA IÐNNÁMI


- Þrátt fyrir metfjölda brautskráðra úr iðnnámi (iðn-, verk- og starfsnám) dugir það ekki til ef mæta á þeim mikla skorti á iðnmenntuðum á íslenskum vinnumarkaði. Metið var slegið á síðasta skólaári þegar 1.189 voru útskrifaðir. Á síðustu fimm árum hefur brautskráðum úr iðnnámi fjölgað um 70%. Samtök iðnaðarins telja þessa þróun afar ánægjulega þar sem fjölgun iðnmenntaðra er lykillinn að því að efla samkeppnishæfni Íslands.
- Aukin vakning hefur átt sér stað um þá möguleika sem felast í iðnnámi sem hefur skilað sér í aukinni aðsókn í námið. Síðastliðið haust sóttu 2.460 um iðnnám. Aðsókn í námið var þá mikil í sögulegu ljósi og sú þriðja mesta sem mælst hefur á einu hausti frá upphafi. Tölurnar sýna þann mikla áhuga sem er á iðnnámi sem er fagnaðarefni að mati SI.
- Samhliða aukinni aðsókn í iðnnám er fjölmörgum umsóknum hafnað ár hvert og hefur hlutfall þeirra sem er hafnað aukist. Skortur er á fjármagni til skólanna sem verða því að synja áhugasömum nemendum. Af heildarfjölda þeirra sem sóttu um iðnnám síðastliðið haust var 556 hafnað eða hartnær fjórðungi umsækjenda. Undanfarin ár hefur um 600-1.000 nemendum verið vísað frá iðnnámi samanlagt á haust- og vorönn vegna þess að iðnnámsskólarnir geta ekki tekið við fleiri nemendum. Að mati SI er þetta mjög neikvæð þróun.
- Í könnun meðal forsvarsmanna iðnfyrirtækja fyrir Iðnþing SI fyrr á þessu ári kom fram að það er skortur á starfsfólki í 48% iðnfyrirtækja. Af þeim segja 56% að það skorti iðnmenntað starfsfólk sem er talsvert hærra hlutfall en mælist gagnvart annarri menntun.
- Ljóst er að skortur á vinnuafli hefur verið dragbítur á vöxt iðnaðarins síðustu ár og tækifærum til aukinnar verðmætasköpunar greinarinnar hefur verið fórnað vegna þess að framboð vinnuafils með rétta færni og menntun hefur ekki verið nægjanlegt.
- Mun lægra hlutfall ungmenna hér á landi er í iðnnámi en almennt í ríkjum OECD. Hér á landi er hlutfallið 31% en 44% að jafnaði í ríkjum OECD.
- Lægra hlutfall nemenda héraendis lýkur iðnnámi á tilsettum tíma Aðeins 40% af nemendum í iðnnámi ljúka námi á tilsettum tíma en meðaltal OECD er 62%.
- Útgjöld til iðnnáms hér á landi eru hlutfallslega lægri en gengur og gerist á Norðurlöndunum og meðal ríkja OECD. Af útgjöldum til menntamála fara um 7% til iðnnáms samanborið við 10% að jafnaði á Norðurlöndunum og einnig 10% í ríkjum OECD.
- Menntakerfið mætir illa færniþörf iðnfyrirtækja. Í könnun sem gerð var fyrr á þessu ári meðal stjórnenda íslenskra fyrirtækja var spurt að því hversu vel íslenskt menntakerfi komi til með að mæta færniþörf fyrirtækis viðkomandi litið til næstu fimm ára. 42% stjórnenda iðnfyrirtækja segja illa og ekki nema 25% segja vel.

## IÐNAÐURINN KALLAR EFTIR FLEIRI IÐNMENTUÐUM

Mikill vöxtur hefur verið í iðnaði síðustu ár sem hefur skilað sér í auknum lífsgæðum hér á landi. Lykilþáttur í starfsemi greinarinnar er mannauður en alls starfa nú um 52 þúsund manns í iðnaði eða einn af hverjum fimm starfandi á íslenskum vinnumarkaði. Hefur þeim fjölgað um nær 14 þúsund undanfarin áratug og hafa aldrei áður jafn margir starfað í greininni hér á landi.


Menntakerfi landsins hefur mistekist að sinna þeirri mannauðspörf sem hlotist hefur af vexti iðnaðarins á síðustu árum. Stórum hluta þarfarinnar hefur verið mætt með innfluttu vinnuafli en meira þarf til. Ljóst er að skortur á vinnuafli hefur verið dragbítur á vöxt iðnaðarins síðustu ár og tækifærum til aukinnar verðmætasköpunar greinarinnar hefur verið fórnað vegna skorts á vinnuafli með rétta færni.

Starfandi í iðnaði, fjöldi




Umtalsverður skortur hefur verið á menntuðum mannauði í iðnaði undanfarin ár. Í könnun sem gerð var meðal aðildarfyrirtækja SI fyrir Iðning SI sem haldið var í mars á þessu ári kom fram að það er skortur á starfsfólki í 48% iðnfyrirtækja. Af þeim segja 56% að það skorti iðnmenntað starfsfólk sem er talsvert hærra hlutfall en mælist gagnvart annarri menntun.

Er skortur á starfsfólki í þínu fyrirtæki núna?




Hvers konar starfsfólk skortir helst?



Eftir hraðan vöxt á síðasta ári hefur nokkuð dregið úr vexti hagkerfisins og iðnaðarins á þessu ári. Hægari vöxtur hefur hins vegar dregið aðeins úr skortinum á starfsfólki. Skorturinn er engu að síður mikill. Í könnun sem gerð var meðal stjórnenda stærstu fyrirtækja landsins í september síðastliðnum kemur fram að 40% segja að það sé skortur samanborið við 44% í sambærilegri könnun sem gerð var um mitt ár. Í iðnaði er skorturinn meiri en í hagkerfinu almennt samkvæmt könnuninni. Þannig segja stjórnendur 56% fyrirtækja í byggingariðnaði að það sé skortur á starfsfólki í þeirra fyrirtæki og 58% í framleiðsluiðnaði. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar hefur nokkuð dregið úr skortinum í byggingarstarfsemi á milli kannanna en þó er hann enn mjög mikill.

### Er núna skortur á starfsfólki í þínu fyrirtæki?


Hlutfall sem svara játandi



Met var slegið í fjölda brautskráðra í iðnnámi á skólaárinu 2022-2023 þegar 1.189 voru útskrifaðir.<sup>1</sup> Aldrei áður hefur fjöldi útskrifaðra á einu skólaári verið meiri. Skólaárið 2019-2020 fór fjöldi útskrifaðra úr iðnnámi í fyrsta skipti yfir 800. Árið eftir var fjöldinn einnig yfir 800 en á þessum þremur skólaárum hafa í heild 2.940 útskrifast úr iðnnámi sem er sögulegt met. Á síðustu fimm árum eða frá skólaárinu 2017-2018 hefur brautskráðum úr iðnnámi fjölgað um 70%. Að mati Samtaka iðnaðarins er þetta ánægjulegt enda er fjölgun iðnmenntaðra gríðarlega mikilvæg fyrir samkeppnishæfni Íslands.

Ástæður þess að brautskráðum úr iðnnámi fjölga eru að mati SI nokkrir samverkandi þættir. Síðasta ríkisstjórn með Lilju Alfreðsdóttur menntamálaráðherra í fararbroddi lagði ríka áherslu á að fjölga iðnmenntuðum á vinnumarkaði með aðgerðum og umbótum tengdu iðnnámi. Má þar nefna kynningarátak, breytingar á reglugerð þar sem hindrunum var rutt úr vegi og möguleikar á styttri námstíma innleiddir, aukið aðgengi að háskólanámi og uppbygging aðstöðu fyrir iðnnám. Að mati SI voru þetta umfangsmestu breytingar sem sést hafa á umgjörð iðnnáms hér á landi um áratuga skeið og eiga sannarlega þátt í því að nú er slegið met í fjölda útskrifaðra úr iðnnámi.


### Fjöldi brautskráðra úr iðnnámi



<sup>1</sup> Gögnum safnað frá skólum sem kenna iðngreinar

Þrátt fyrir fjölgun útskrifaðra í iðnnámi undanfarið er enn umtalsverður skortur á fólki með þá menntun. Það er því þörf á að fjölga útskrifuðum úr iðnnámi enn frekar. Fyrirsjáanlegt er að mikil þörf er á næstu árum fyrir nýliðun. Meðalaldur iðnmenntaðra er í sumum greinum hár og margir munu því hverfa af vinnumarkaði á næstu árum. Mennta þarf fólk til þess að taka við og stuðla að eðlilegri endurnýjun.<sup>2</sup>


### Hversu hátt hlutfall af öllu starfsfólki í fyrirtæki þínu í dag er iðnmenntað?



Fólk með iðnmenntun er í starfi víða í atvinnulífinu. Iðnaður er sú grein hagkerfisins þar sem hlutfall iðnmenntaðra af heildarfjölda starfandi er hæst. Innan iðnaðar er hlutfallið síðan aftur hæst í byggingariðnaði og mannvirkjagerð. Í könnun sem gerð var á þessu ári meðal stærstu fyrirtækja landsins kemur þetta skýrt í ljós. Þar kemur m.a. fram að 45% fyrirtækja í mannvirkjaiðnaði eru með 76-100% iðnmenntaða í starfi. Í iðnaði er hlutfallið 26% og fyrir öll fyrirtæki er það 8%.

## MIKILL ÁHUGI Á IÐNNÁMI EN FÆRRI KOMAST AÐ EN VILJA

Aukin vakning hefur átt sér stað á þeim fjölbreyttu möguleikum sem felast í iðnnámi sem skilað hefur sér aukinni aðsókn í námið. Aukin áhersla mennta- og menningarmálaráðuneytisins í tíð síðustu ríkisstjórnar á iðnnám og aukið samstarf atvinnulífs og skólastjórnenda hafði án efa mikil áhrif á aukna aðsókn. Liður í því var sameiginlegt átak SI, menntamálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga með það að markmiði að fjölga iðnmenntuðum. Átakið hófst á haustmánuðum 2019 til að ná til grunnskólanemenda undir heitinu #fyrirmig. Átakið „Nám er tækifæri“, sem var hluti af aðgerðum sem stjórnvöld gripu til vegna COVID-19, skýrir einnig þessa aukningu en í áttakinu var lögð höfuðáhersla á starfs- og tækninám á framhaldsskólastigi og í framhaldsfræðslu. Ljóst er að aukið almennt atvinnuleysi samhliða COVID-19 hafði líka umtalsverð áhrif á aðsókn í iðnnám enda hefur dregið úr aðsókn eftir að atvinnuleysi náði hámarki árið 2020. Eftir stendur að fleiri




<sup>2</sup> Skýrsla starfshóps um innritun í starfsnám á haustönn 2022

sækjast eftir að komast í iðnnám nú en fyrir COVID-19 sem endurspeglar m.a. að tekist hefur að glæða áhuga á iðnnámi.

Síðastliðið haust sóttu 2.460 um iðnnám sem er nokkur fækkun frá 2020 þegar atvinnuleysi var hvað mest í landinu. Fækkunina má eflaust að mestu rekja til bætts atvinnuástands í landinu. Þrátt fyrir fækkunina var aðsókn í námið síðastliðið haust mikil í söguleg ljósi og sú þriðja mesta sem mælst hefur á einu hausti frá upphafi. Tölurnar sýna þann mikla áhuga sem er á þessu námi.

Gallinn hefur hins vegar verið sá að barnið vex en brókin ekki. Af heildarfjölda þeirra sem sóttu um í iðnnám síðastliðið haust var 556 hafnað eða hartnær fjórðungi umsækjenda. Undanfarin ár hefur um 600-1.000 nemendum verið vísað frá iðnnámi samanlagt á haust- og vorönn vegna þess að iðnnámsskólarnir hafa ekki getað tekið við nema hluta nemenda. Samhliða aukinni aðsókn í námið hefur hlutfall þeirra sem er hafnað aukist. Það hefur ekki tekist að fylgja auknum áhuga og aðsókn með nægjanlegur framboði af nemaplássum. Að mati SI er þetta mjög slæm þróun þar sem á sama tíma og verulegur skortur er á fagmenntuðu vinnuafli komast færri að í iðnnám en vilja.

Fjöldi umsókna og fjöldi samþykktara í iðnnám



Áhugavert er að skoða samsetningu þeirra sem hefur verið hafnað í iðnnám. Haustið 2022 var 485 nemum hafnað. Þegar skoðuð er samsetning þessara umsækjenda kemur í ljós að flestum umsóknum var hafnað í húsasmíði og grunnnámi bygginga- og tæknigreina (141), því næst rafvirkjun og rafeindavirkjun (76), hönnun, tækni, tölvu og skyldum greinum (46), pípulögnum (41) og málmsmíði, vélstjórn og vélvirkjun (40). Örfáum umsóknum var hafnað í umönnunar- og heilbrigðisgreinum. Það vekur athygli að flestir sem hafnað er um skólavist í fyrrgreindum greinum eru eldri en 19 ára. Í húsasmíði og grunnnámi bygginga- og tæknigreina er hátt hlutfall 30 ára og eldri eða 37%.<sup>3</sup>

Hlutfall þeirra sem innritast í iðnnám strax að loknum grunnskóla hefur farið vaxandi undanfarin ár og er nú um 18%. Þetta endurspeglar hins vegar að eldri nemendur og karlar sækja frekar í iðnnám. Þau sem koma beint úr grunnskóla innritast frekar í bóknám og er aðsókn í iðnnám að mestu vegna annarra nemenda en þeirra sem koma beint úr grunnskóla. Þetta eru þá nemendur sem eru að skipta um nám eða koma úr undirbúningsnámi, hafa hætt námi og eru að koma aftur í gegnum raunfærnimat eða hafa lokið öðru námi jafnvel á háskólastigi og velja nú iðnnám. Þessi hópur fær síður brautargengi inn í námið.

<sup>3</sup>[Skýrsla starfshóps um innritun í starfsnám á haustönn 2022](#)

## HLUTFALL FRAMHALDSSKÓLANEMA Í IÐNNÁMI LÁGT HÉR Á LANDI


Það er færnimisræmi á vinnumarkaði. Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) bendir á þetta í nýlegri skýrslu sinni um íslenskt menntakerfi. Segir stofnunin að færnimisræmið sé samfélaginu kostnaðarsamt og heldur aftur af samkeppnishæfni landsins.

Niðurstöður stofnunarinnar sýna að mun lægra hlutfall ungmenna hér á landi er í iðnnámi og færri klára námið á tilsettum tíma samanborið við önnur OECD-ríki. Hlutfall framhaldsskólanema í iðnnámi er lægra á Ísland (31%) borið saman við hin Norðurlöndin, einkum Noreg (52%) og Finnland (68%), og meðaltal OECD (44%). Lægra hlutfall hérlendis lýkur framhaldsskóla á tilsettum tíma, einkum í iðnnámi. 64% af þeim sem fara í framhaldsnám (bóknám eða iðnnám) hérlendis ljúka náminu á tilsettum tíma en meðaltal OECD er 77%. Aðeins 40% af nemendum í iðnnámi ljúka námi á tilsettum tíma en meðaltal OECD er 62%.<sup>4</sup>

Af útgjöldum til menntamála fær iðnnámið hér á landi 7% samanborið við 10% að jafnaði á Norðurlöndunum og einnig 10% í ríkjum OECD. Að mati SI er þetta áhyggjuefni en ljóst er að færnimisræmi er á vinnumarkaði þar sem of lítil áhersla hefur verið á iðnnám.

Í spurningakönnun sem gerð var fyrr á þessu ári meðal stjórnenda fyrirtækja var spurt að því hversu vel íslenskt menntakerfi komi til með að mæta færniþörf fyrirtækis viðkomandi litið til næstu fimm ára. Niðurstaðan er að 42% stjórnenda iðnfyrirtækja segja illa og ekki nema 25% segja vel. Kom niðurstaðan verst út fyrir íslenskt menntakerfi gagnvart iðnaðinum. Af öllum greinum hagkerfisins telur iðnaður síst að menntakerfið muni mæta færniþörf þeirra litið til næstu ára.

Hlutfall framhaldsskólanema í starfsnámi 2022



## AUKA ÞARF ÁHERSLU Á IÐNNÁM

Mannauðurinn er kjarninn í starfsemi iðnfyrirtækja. Mikilvægt er að menntakerfið leiði saman færni mannaútsins og þarfir atvinnulífsins á skilvirkan og hagkvæman hátt. Fleiri þurfa að hefja nám við hæfi, draga þarf úr brottfalli og fleiri þurfa að ljúka námi.

Meginástæðan fyrir höfnun á námsplássi er skortur á fagmenntuðum kennurum og skortur á viðeigandi húsnæði eða tækjabúnaði. Að mati Samtaka iðnaðarins þarf að stíga strax inn í og byrja á því að tryggja verk- og starfsmenntaskólum fjármagn til að mæta fyrrgreindum áskorunum og taka við fleiri nemendum. Auka þarf áherslu á iðnnám um allt land. Fólk sækir í það nám sem er í boði í þeirra heimabyggð. Skólar gætu nýtt fyrirtæki meira í kennslu þar sem þau eru í flestum tilvikum miklu betur tækjum búin en skólarnir sjálfir. Einnig mætti huga að auknu samstarfi milli skóla og tækifæri til að innleiða nýja menntatækni og nýta fjarkennslu eða dreifnám til að gera nemendum kleift að stunda nám í heimabyggð.

<sup>4</sup> Skýrsla OECD/ Education at a Glance 2023

Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur unnið að stækkun húsnæðis helstu iðnnámsskóla og gert greiningu á húsnæðisþörf framhaldsskóla á undanförunum misserum.<sup>5</sup> Nýtt og stærra húsnæði fyrir Tækniskólann í Hafnarfirði er í burðarliðnum í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Stækkun starfsmenntaaðstöðu Fjölbautaskólans í Breiðholti um 2.400 fermetrar fer brátt í útboð og sett hefur verið af stað ný braut í pípulögnum í Borgarholtsskóla. Vorið 2022 samdi ráðuneytið við nýstofnaða Nemastofu atvinnulífsins um átaksverkefni í að fjölga nemaplássum og iðnmeisturum hjá fyrirtækjum sem taka við nemum á verkstað, auk þess að stuðla að góðu starfsumhverfi nema óháð kyni.

SI telja mikilvægt að iðnnám standi áhugasömum nemendum til boða óháð aldri. Í því skyni mætti skoða fleiri möguleika eins og kvöldnám til að koma til móts við þann mikla fjölda fólks sem langar að stunda iðnnám. Þau sem eru á milli tvítugs og þrítugs eiga t.a.m. litla sem enga möguleika á að komast í iðnnám. Úr því þarf að bæta.

---

<sup>5</sup> [Greinagerð um húsnæðisþörf í framhaldsskólum 2023-2033](#)